

V. Viðbætur

Fjárhæðirnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr. við bókun B og eru jafngildar reiknieiningu í gjaldmiðlum samningsríkjanna eru sem hér segir:(1)

Íslenskar krónur	74,8336
Norskar krónur	7,98528
Slóvenskir tolar	153,5427
Svissneskir frankar	1,70478

(1) Hámarksverð, sem um getur í b-lið 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 26. gr. í bókun B, eru því í gjaldmiðlum samningsríkjanna sem hér segir:

	Yfirlýsing á vörureikningi (6000 reikniein.)	Einka- farangur ferðamanna (1200 reikniein.)	Smápakkar (500 reikniein.)
Íslenskar krónur	447000	90000	35000
Norskar krónur	48000	9600	4000
Slóvenskir tolar	921500	184500	76800
Svissneskir frankar	10300	2100	900

SAMÞYKKT

**um afgreiðslu byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar á málum
skv. byggingarlögum nr. 54/1978, ásamt breytingu nr. 47/1990,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar afgreiðir án staðfestingar byggingarnefndar mál er falla undir byggingarlög nr. 54/1978, ásamt breytingu nr. 47/1990, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt að þremur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari sem ábyrgð ber, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.
3. Undirritaðir hafi verið byggingarskilmálar.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðarbók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðarbókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á, ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar að afgreiða erindi er honum heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga, frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, og skv. stjórnáslögum nr. 37/1993.

Skulu slík kærumál send til bæjarlögmannsins á Akureyri. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 16. gr. laganna, til að öðlast gildi 19. mars 1996 og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 3. apríl 1996

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

16. apríl 1996

Nr. 230

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 291/1995,
um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 1. maí 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytinu, 16. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.